

Skíðafélag Dalvíkur
Brekkuusel
620 Dalvík

Garðabær, 31. október 2025
202510-0028/P.V.B.
10.03.01

Efni: leyfi til framkvæmda - skíðafæriband og landmótun í Böggvistaðarfjalli

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Skíðafélags Dalvíkur, dagsett 7. október 2025, um leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins Böggvistaðarfjalls.

Böggvistaðarfjall er friðlýst sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 265/2011](#). Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Allar framkvæmdir í fólkvanginum eru háðar leyfi Dalvíkurbyggðar og Náttúruverndarstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun en svæðið er skipulagt til almennrar útivistar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til landbreytinga til að setja upp færiband á skíðasvæðinu. Með umsókn fylgdu með kort og teikningar sem sýna staðsetningu fyrirhugaðra framkvæmda, hvaða hólar yrðu sléttaðir út og hvaða lautir fyllt yrði upp í. Svæðið sem yrði slétt yrði úr er um það bil 3500 m² og færibandið yrði um 75 metra langt. Ekki yrði gert ráð fyrir að flytja efni til eða frá svæðinu annað en að keyra í malarpúða fyrir undirstöður undir færibandið og yfirbyggingu sem byggð yrði á súlum. Allur uppgröftur yrði nýttur á svæðinu til að fylla í lautir. Ráðgert er að fara í framkvæmdina sumar og haust 2026.

Áhrifamat:

Umrætt svæði er nú þegar nýtt sem skíðasvæði með tilheyrandi mannvirkjum og áður hefur landmótun átt sér stað fyrir skíðabrekkur. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í mólendi og í jaðri mannvirkjanna sem fyrir eru og að hluta á þegar röskuðu svæði.

Framkvæmdin er í samræmi við friðlýsingarskilmála fólkvangsins þar sem markmiðið er að tryggja útivistarsvæði í Dalvíkurbyggð og gert er ráð fyrir hefðbundnu viðhaldi á skíðasvæðinu.

Framkvæmdin er ekki talin hafa neikvæð áhrif á verndargildi fólkvangsins ef farið er að skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Skíðafélagi Dalvíkur fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á færibandinu og landbreytinga innan Böggvistaðarfjalls sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 31. desember 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Mannvirkið skal falla vel að landi.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast. Nýta skal lyngmóann m.a. til að loka sárum eins og kostur er.
- Jarðvegsframkvæmdir skulu fara fram utan varptíma fugla.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt/afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Vinnuvélum og tækjum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

Dagbjört Jónsdóttir
svæðissérfræðingur